



Við upphaf 20. aldar var Ísland hluti Danaveldis og fáein Evrópuríki stjórnðu víðáttumiklum landsvæðum í öllum heimsálfum. Um miðbik aldarinnar var Ísland komið í sveit þeirra ríkja sem hlotið höfðu fullveldi og sjálfstæði. Á lýðveldistíma okkar hefur heimsmyndin breyst hratt: Rúmlega 100 ný ríki hafa bæst í samfélag þjóðanna og við lok aldarinnar eru sum þeirra aðeins fárra ára gömul. Aldrei fyrr hefur veröldin tekið jafn miklum breytingum á jafn skömmum tíma.

Þegar 21. öldin gengur í garð er mikilvægt að eiga góðan vegvísi um völuarhús hinnar nýju heimsmyndar: Að geta glöggvað sig á legu landa og fjarlægðum milli heimkynna, og frætt aðra um samhengið í náttúrufari og atvinnuháttum; að skilja hvernig lífríki jarðar, veðurfar og hafstraumar mynda samfellda heild þótt fjölbreytileikinn sé sífellt undrunarefni.

Fjölmiðlar færa okkur í stöðugt nýjar myndir og frásagnir af atburðum og örlögum fólks sem verður um stund fastagestir á heimilum okkar. Þá er gott að geta leitað fróðleiks um lönd og héruð, borgir og byggðir. Aldrei fyrr hefur þörfin fyrir fræðslu um framandi slóðir verið jafn brýn og í árdaga nýrrar aldar.

Sá atlas sem hér birtist, helgaður nýrri heimsmynd við upphaf 21. aldar, er glæsilegt framlag til þess að auka þekkingu okkar og skilning. Útgáfa hans á íslensku lýsir miklum metnaði og sýnir hvernig hægt er að vera í senn góður Íslendingur og sannur heimsborgari - að íslensk tunga er öflugt tæki til að skilja nýjan heim.

Við Íslendingar varðveitum í sjálfsvitund og menningu þjóðarinnar virðingu fyrir landkönnun og leit að hinu nýja um ókunnar slóðir. Sjálft landnámið var upphaf sögu okkar og siglingar landnámsmanna lengra í vestur leiddu til fundar nýrrar heimsálfu. Það er því við hæfi að þegar við minnumst 1000 ára afmælis siglingar landkönnuðarins mikla, Leifs heppna Eiríkssonar, skuli ný landabréfabók um heiminn allan vera færð þjóðinni í íslenskum búningi.

Í Heimsatlasnum sjáum við greinilega að Ísland er í deiglu náttúru og menningar í heiminum. Það er tengiliður heimsálfa og hér er uppspretta eldvirkni á hryggnum sem gengur um jörðina skauta á milli, umhverfis er hreyfivél hafstrauma sem móta veðurfar um víða veröld. Eylandið okkar góða er í örlagamiðju lífríkisins sem mannkynið hefur hlotið í arf og verður að ávaxta vel.

Við ættum því að skilja öðrum betur hve dýrmætt er að jarðarbúar nái sáttum um að varðveita sameign okkar allra.